



**230. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 12. mars 2015 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Örn Andrésson, Hafsteinn Pálsson, Jón Gestur Viggósson, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson 1. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Forföll boðuðu: Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir og Friðrik Einarsson.**

Forseti setti fundi og stjórnaði honum.

### **1. 72. Íþróttaping ÍSÍ**

Rætt um undirbúning fyrir Íþróttaping ÍSÍ.

Gunnar Bragason gjaldkeri kynnti tillögu um fjárhagsáætlun ÍSÍ fyrir árin 2015 og 2016.

Tillagan samþykkt samhljóða. Bókaðar þakkir til gjaldkera og starfsfólks vegna vinnu við fjárhagsáætlunina.

Farið yfir drög að öðrum tillögum til þings. Helga Steinunn Guðmundsdóttir og Sigríður Jónsdóttir lögðu fram drög að nýrri umhverfisstefnu ÍSÍ.

Skrifstofa sendir framkvæmdastjórn allar tillögur með þeim breytingum sem komið hafa fram á fundinum til skoðunar.

Forseti minnti fundarmenn á skilafrest framboða til framkvæmdastjórnar og varastjórnar.

### **2. Skráningarkerfi íþróttahreyfingarinnar**

Forseti skýrði símtali frá fulltrúum Nóra. Samþykkt að Örn Andrésson boði til fundar þar sem farið verður í gegnum helstu þætti nýs kerfis.

### **3. Ólympísk málefni**

Lögð fram tillaga Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ um að Guðmundur Ágúst Ingvarsson og Örvar Ólafsson verði fararstjórar á EYOF 2015 í Tblisi. Tillagan samþykkt.

Farið yfir undirbúningi fyrir Evrópuleikana. Framkvæmdastjóri hefur fundað með embætti forseta Íslands vegna leikana.

### **4. Smáþjóðaleikar 2015**

Helga Steinunn Guðmundsdóttir fór yfir helstu þætti í undirbúningi fyrir Smáþjóðaleikana í sumar.

Verið er að undirbúa fund aðalfararstjóra og tækninefndarfund sem haldnir verða hér á landi 26. mars nk. Farið verður yfir tæknihandbók leikana á fundi tækninefndarinnar.

Gunnar Bragason skýrði frá niðurstöðu verðkönnunnar varðandi matarmál og stöðu mála varðandi leyfisveitingar í Skautahöllinni.

Endanlegar fjöldaskráningar á leikana munu liggja fyrir 25. mars nk.

## **5. Kynning á starfi nefndar íþróttahéraða**

Garðar Svansson skýrði frá því helsta úr starfi sjálfstæðrar nefndar íþróttahéraða sem haldið hefur yfir 20 fundi um allt land síðustu tvö árin. Hann skýrði frá helstu hagsmunamálum sem brenna á íþróttahéruðunum og mögulegar úrbætur. Nefndin hefur áhuga á að skipuleggja stóran fund um skipulag íþróttahreyfingarinnar.

## **6. Hnefaleikar**

Komin er fram ósk frá Hnefaleikanefnd ÍSÍ um stofnun sérsambands um hnefaleika. Málinu frestað til næsta fundar.

Rætt um tillögur Hnefaleikanefndar ÍSÍ um breytingar á keppnisreglum nefndarinnar um ólympíska hnefaleika, til samræmis við breytingar sem gerðar hafa verið á reglum Alþjóðahnefaleikasambandsins. Skrifstofa hefur sent mennta- og menningarmálaráðuneytinu erindið til skoðunar og staðfestingar á að heimilt sé að breyta reglunum í þá veru sem tillaga er gerð um. Beðið er svars frá ráðuneytinu.

## **7. Pílukast**

Pílukastsamband Íslands hefur óskað eftir því að pílukast verði staðfest sem íþrótt innan vébanda ÍSÍ. Framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri funduðu með forsvarsmönnum sambandsins og fengu greinargott yfirlit um íþróttina hér á landi. Kallað hefur verið eftir upplýsingum frá Alþjóðaólympíunefndinni (IOC) varðandi stöðu pílukasts innan IOC en svar hefur ekki enn borist. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

## **8. Erindi SportTV**

Frestað til næsta fundar þar sem beðið er eftir nýjum upplýsingum um stöðu mála.

## **9. Skipan Bygginga- og skipulagsnefndar Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal**

Tillaga gerð um eftirfarandi einstaklinga í ofangreinda nefnd.

Frá ÍSÍ: Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Gunnar Bragason, Hafstein Pálsson, Margréti Leifsdóttur og Líneyju Rut Halldórsdóttur.

Frá ÍBR: Örn Andrússon og Frímenn Ari Ferdinandsson.

Tillagan samþykkt. Helga Steinunn Guðmundsdóttir verður formaður nefndarinnar.

## **10. Heiðranir**

**Eftirfarandi heiðranir hafa verið samþykktar með rafrænu samþykki í gegnum tölvupóst:**

Heiðursveitingar á ársþingi Lyftingasambands Íslands 7. mars sl.:

Lárus Páll Pálsson, fráfarandi formaður LSÍ – Gullmerki ÍSÍ

Sigmundur Davíðsson - Silfurmerki ÍSÍ

Guðmundur Helgi Helgason – Silfurmerki ÍSÍ

Sigríður Jónsdóttir ritari ÍSÍ afhenti merkin.

Heiðursveitingar á ársþingi UMSE 12. mars:

Jónas Vigfússon – Gullmerki ÍSÍ

Óskar Þór Vilhjálmsson – Silfurmerki ÍSí  
Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSí á Akureyri afhenti merkin.

### **Eftirfarandi tillögur til heiðursveitinga samþykktar einróma:**

Heiðursveitingar á Skíðalandsmóttinu 21. mars á Dalvík:  
Þorsteinn Skaftason, Skíðafélagi Dalvíkur – Gullmerki ÍSí  
Jón Halldórsson, Skíðafélagi Dalvíkur – Gullmerki ÍSí  
Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSí á Akureyri mun afhenda merkin.

Heiðursveitingar á ársþingi Héraðssambandi Þingeyinga 15. mars:  
Jóhanna Kristjánsdóttir, fráfaramandi formaður HSP – Gullmerki ÍSí  
Torfhildur Guðrún Sigurðardóttir – Silfurmerki ÍSí  
Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSí á Akureyri afhendir merkin.

Heiðursveitingar á ársþing ÍBR 19. mars:  
Gústaf Adolf Hjaltason – Gullmerki ÍSí  
Lilja Sigurðardóttir – Silfurmerki ÍSí  
Lárus L. Blöndal forseti afhendir merkin.

### **11. Fundargerðir**

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram og staðfestar:

- 229. fundur framkvæmdastjórnar
- 5. fundur framkvæmdaráðs ÍSí
- Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí frá 9. mars 2015
- Heiðursráðs ÍSí frá 9. mars 2015

Lögð fram tillaga um breytingu á Reglugerð um Heiðurshöll ÍSí. Tillagan samþykkt með smávægilegum viðbótarbreytingum.

### **12. Viðburðir framundan**

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

### **13. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí**

Næsti fundur verður haldinn 16. apríl nk.

### **14. Önnur mál**

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir  
fundarritari